



Bæjarráð

b.t. forstöðumanns atvinnu og menningarmála

Akureyri 12. febrúar 2024

Efni: Beiðni um styrk vegna.

Ein með Öllu verslunarmannahelgin á Akureyri

Dagskrá um Verslunarmannahelgina á Akureyri hefur fest sig í sessi landsmanna á seinni árum og hefur dagskráin farið stækkandi og orðið fjölskylduvænni með árunum.

Um helgina verður boðið upp á þéttskipaða dagskrá af stærri og smærri viðburðum en af stærstu viðburðunum má til dæmis nefna:

- Utanvegahlaupið Sútur Vertical sem haldið er af SV – félagasamtökum

Samráð og samtarf verður milli Einnar með öllu og ofangreindra framkvæmdaraðila í skipulagningunni.

Annað sem í boði verður:

- Óskalagatónleikar í Akureyrarkirkju
- Hæfileikakeppni unga fólksins
- Markaðsstemmning á Ráðhústorgi alla helgina
- Skógardagurinn í Kjarnaskógi.
- Mömmur og möffins í Lystigarðinum.
- Akureyri er okkar
- Fjölskyldudagur í lystigarðinum
- Rafhjólámót Rafhjólaklúbbs Akureyrar
- Crossfit keppni.
- Strandblakmót
- Hópakstur Tíunnar og fornbílaklúbbs.
- Vatnaboltar og Nerf stríð.
- Tvö Tívólí hafa komið síðustu ár.

- Hátíðartónleikar á Leikhúsflötinni á sunnudagskvöldi – verður stórglæsilegt skreytt frábærum tónlistatriðum.
- Flugeldasýningu, smábátum og almennri hamingju

Enn er verið að raða saman dagskrá.

Bæjarbúar verða að venju hvattir til að skreyta hús sín eins og síðustu ár og hafa bæjarbúar verið mjög duglegir í að taka þátt í því að skreyta í kringum sig með rauðum lit en hér er leitast við að fá bæjarbúa til að taka þátt í hátíðinni á einfaldan en skemmtilegan máta.

Hátíðin stendur í fjóra daga frá fimmtudegi og fram á sunnudag,

Akureyrarbær hefur lagt kr. 1.800.000 til hátíðarinnar undanfarin ár sem nýttur hefur verið í að tryggja starfsfólki hátíðarinnar laun og í annað sem fellur til, auk þess hefur vinna verið lögð í hátíðina frá starfsfólki Atvinnu-, markaðs- og menningarteymi Akureyrarbæjar og einnig hefur vinna framkvæmdarmiðstöðvar bæjarins verið framlag bæjarins í hátíðina.

*Óskað er eftir að fjárframlag hækki í kr. 2.000.000. fyrir árið 2024 en að annað framlag verði óbreytt. **Jafnframt er óskað eftir að gerður verði samningur um framlög til hátíðarinnar til þriggja ára þar sem stuðningur hækki hóflega milli ára til að mæta óhjákvæmilegri hækkun á kostnaði.***



Með von um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd Vina Akureyrar

Davíð Rúnar Gunnarsson

Framkvæmdarstjóri Viðburðastofu Norðurlands